

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Mosfellsbæjar.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Mosfellsbæ sem tengdar eru Vatnsveitu Mosfellsbæjar, skal greiða vatnsgjald árlega til Mosfellsbæjar, nema sérstaklega sé um annað samið.

Almennt vatnsgjald skal vera 0,065% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjald dagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og bæjarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarfélaginu.

2. gr.

Heimæðagjöld.

Verð í töflu hér að neðan miðast við að umsækjandi hafi lagt ídráttarrör á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu við lóðarmörk að inntaksstað í húsi sem Veitur í Mosfellsbæ hafa samþykkt. Óski umsækjandi eftir því að Vatnsveita Mosfellsbæjar sjái um jarðvinnu vegna heimlagna, bætist sá kostnaður við tengigjald vatnsveitunnar.

Gjald vegna heimæða skal vera sem hér segir.

<i>Stærð heimæðar</i>	<i>Kr.</i>	
32 mm	221.181	án vsk.
40 mm	294.613	án vsk.
50 mm	423.939	án vsk.
63 mm	811.025	án vsk.
75 mm	1.160.318	án vsk.
90 mm	1.441.816	án vsk.
110 mm	1.605.574	án vsk.
140 mm	1.800.690	án vsk.
180 mm	2.161.837	án vsk.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Vatnsveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 20 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 20 metra er heimilt að innheimta 1% lengdargjald af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi, fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af tengigjaldi viðkomandi málstærðar. Heimæðar stærri en 110 mm (4") eru gjaldfærðar til samræmis við raunkostnað. Við mat á umsóknum er tekið mið af flutningsgetu aðliggjandi götu- eða stofnæðar.

Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju til samræmis við málstærð heimæðar.

Skýringar:

Almennt verð heimæða gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verð gildir ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Reiknist áætlaður heildarkostnaður við heimæðina meira en 50% hærrí en verðskrá segir til um þá greiðir umsækjandi til viðbótar allan kostnað sem verður umfram þessi 50%. Viðbótarkostnaður samkvæmt þessari reiknireglu er ekki innheimtur samhliða innheimtu yfirlengdargjalda. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélagsins t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna.

Álag vegna vatnsúðaheimæða er kr. 4.292.568 fyrir hverja heimæðarlögn.

Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 120.957 án vsk.

Skýringar:

Vinnuvatn er aðgangur að vatni til byggingaframkvæmda og/eða skammtímanotkunar og uppfærast skv. byggingarvísitölu. Gjaldskrárverð gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk. Vinnuvatnstenging er aflögð um leið og heimæð er tengd inn í hús samkvæmt umsókn, en þá er ekki greitt sérstaklega fyrir aftengingu. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu en 50 mm er tenging gjaldfærð til samræmis við raunkostnað.

3. gr.

Mælagjöld.

Gjald vegna rennismæla skal vera sem hér segir / verð án vsk.

<i>Stærð mælis</i>	<i>Verð kr./dag</i>	
15 mm	40,18	án vsk.
20 mm	44,16	án vsk.
25 mm	57,04	án vsk.
32 mm	63,02	án vsk.
40 mm	80,06	án vsk.
50 mm	94,01	án vsk.
80 mm	253,24	án vsk.
100 mm	258,44	án vsk.

4. gr.

Grafrargjöld.

Gjald er lagt á vegna ídráttarröra, fleygunar og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæf, greiðist kr. 10.581 án vsk. pr. lengdarmetra í heimlagnaskurði.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða að frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

<i>Klaki/klöpp</i>	<i>dýpt cm</i>	<i>kr./lengdarmetra/án vsk</i>
klaki/klöpp	< 30	3.984
klaki/klöpp	> 30	8.045

Vatnsveitan gefur upp innmælingu og/eða staðsetur heimæðarenda við lóðarmörk.

5. gr.

Notkunargjald.

Notkunargjald er kr. 51,23 pr. m³ án vsk.

Skýringar:

Þar sem vatn fá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa er auk vatnsgjalds innheimt notkunargjald skv. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Heimilt er að innheimta notkunargjald samkvæmt áætlun ef ekki er unnt að koma við mælingu.

6. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda og lóðarréttarhafa og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin eru tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum má taka fjárnámi.

7. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 817. fundi þann 7. desember 2022 er sett með stöð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1291/2019.

Mosfellsbæ, 8. desember 2022.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2023